

Hverfisráð Hríseyjar

23. fundur

Ár 2008, þriðjudaginn 13. maí kl.18:00 var 23. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Á fundinn mættu: Kristinn Árnason, Kr. Ingimar Ragnarsson, Hjördís Ýrr Skúladóttir, Aðalsteinn Bergdal og Þorgeir Jónsson en Linda María boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Samgöngumál

Rætt um nauðsyn þess að fjölga ferjuferðum til að auðvelda fólki að vinna í landi með búsetu í eygni og öfugt
“Samþykkt að senda bréf til samgönguráðherra og Vegagerðarinnar með ósk um úrbætur”

Áður hefur verið rætt um að allar hellulagðar götur í Hrísey verði gerðar að vistgötum, ekkert hefur heyrst af þessu máli lengi.

“Formanni falið að skrifa bréf til skipulagsnefndar og óska eftir svörum”

2. Atvinnumál

Á fundi Hverfisráðs með bæjarstjóra 24. sept s.l. var m.a.rætt um að efla skrifstofuna í Hrísey með auknum verkefnum og fjölgun starfsmanna. Spurnig um hvort enn sé inn í myndinni að fjölga fólki þar og skapa þar með nýtt starf/störf í eygni.

3. Hreinsunardagur

Ákveðið að árlegur hreinsunardagur verði mánudaginn 26. maí kl.16. Fundarritara falið að auglýsa.

4. Skólamál

Búið er að auglýsa stöðu skólastjóra í Hrísey. Eins og kunnugt er hefur Jóhanna María skólastjóri verið ráðin skólastjóri við Brekkuskóla. Hverfisráð telur að það hefði mátt gera auglýsinguna meira aðlaðandi t.d. með myndum frá Hrísey og tilvitnunum um þá sérstöðum sem við höfum hér.

5. Önnur mál

Íþróttamiðstöðin í Hrísey. Rætt um afhendingu og opnun, lítið er vitað um þau mál og hvernig verði með ráðningu starfsfólks.

Umræða um Sæborg, t.d. hvað gera eigi við húsið.

Kartöflugeymslan. Þorgeir gerði grein fyrir að brýnt væri að gera við geymsluna. Og ítrekaði nauðsyn þess að við hefðum kartöflugeymslu þar sem mikill áhugi er hjá íbúum að rækta sínar eigin kartöflur, og aðra rótar-ávexti í vistvænu umhverfi

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30

Kristinn Fr. Árnason
Hjördís Ýrr Skúladóttir
Kristján Ingimar Ragnarsson
Aðalsteinn Bergdal
Þorgeir Jónsson

